

Alþingi
Fjárlaganefnd
skilað í umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 2. maí 2025

Umsögn um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030, mál 264, 156. löggjafarþing.

Umsögn þessi var afgreidd á fundi stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 30. apríl 2025 og þakkar stjórn veittan frest við skil á umsögn til fjárlaganefndar eða til 2. maí. Við vinnslu málsins var unnið með gögn sem fyrir lágu frá Alþingi þann 28. apríl s.l..

Umsögnin er er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga og byggir að meginhluta á ályktunum 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti¹, sem haldið var í október sl. og 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori frá byrjun apríl sl.². Eins er vísað til umsagnar Fjórðungssambands varðandi frumvarp til fjárlaga 2025³ eftir einstökum málasviðum.

Forgangsmál

Gegnumgangandi eru skattahækkanir sem koma sér sérstaklega illa fyrir Vestfirði. Þetta kemur til af sértækum skattahækkunum sem vega að stærstu undirstöðum vestfirskis efnahags; fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi.

Það er í sjálfu sér jákvætt að ætlunin er að auka nokkuð útgjöld til samgöngumála og ekki vanþörf á með hliðsjón af mikilli viðhaldsskuld sem leitt hefur til ójafnræðis á stöðu innviða. Samkeppnisstaðan hefur enda um langan tíma verið ójöfn, þar sem Vestfirðir eru utan bæði hringvegur 1 og hringtengdrar Byggðalínu.

Misbrestur virðist á því að stjórnvöld fari að sveitarstjórnarlögum og kanni til hlítar áhrif á rekstur þeirra áður en ákvarðanir eru teknar. Umfjöllun sem hér kemur á eftir er að nokkru ómarkviss sökum þess að framsetningu fjármálaáætlunar hefur verið breytt; nú er eingöngu fjallað um yfirmarkmið hvers málasviðs en ekki lýst stefnu undirmarkmiða eins og verið hefur. Þetta er afturför og er óskað skýringa hvenær megi vænta þess að sett verði fram stefna sem varðar einstök undirmarkmið, en þar koma fyrst fram atriði og forsendur sem hafa bein áhrif á stöðu verkefna og rekstur einstakra stofnana.

¹ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungstthing/69thing/haust/thinggerd-69.-fjorungstthing-ad-hausti-18.-og-19.-okt-2024-1-.pdf>

² <https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungstthing/70thing/70vor/thingskjal-9-alyktun-70.-fjorungsthings-ad-vori.pdf>

³ <https://www.althingi.is/altext/erindi/155/155-72.pdf>

Brýnustu mál sem Fjórðungssambandið vill að verði sett strax til úrlausnar eru sem hér segir

- Áform um tvöföldun veiðigjalds verði endurskoðuð vegna áhrifa á rekstur fyrirtækja og sveitarfélaga.
- Áform um hækkun fiskeldisgjalds verði endurskoðuð og staðið við fyrri áætlanir að heildarstefnmörkun fyrir lagareldi sé lögð til grundvallar gjaldtöku.
- Gjöld á skemmtiferðaskip verði lækkuð strax á árinu 2025, fyrirkomulag endurskoðað til framtíðar og stefnt að fyrirsjáanlegum gjöldum sem hámarka heildarhagsmuni samfélagsins.
- Þjónustutími vetrarþjónustu á Vestfjörðum verði aukinn og aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu og viðhalds vega.
- Staðið verði við samninga um uppbyggingu verkmenntahúss við Menntaskólann á Ísafirði.
- Fjármagn til Öryggisfjarskipta ehf. (Neyðarlínu) verði aukið til að standa við samkomulag við fjarskiptafyrirtæki frá 2023 um uppbyggingu farnets og öryggisfarnets.
- Áætlunarflug til Vestfjarða, einkum Ísafjarðar, verði tekið til sértækrar skoðunar.
- Aukið verði fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga sem varðar samninga þeirra við stjórnvöld um sóknaráætlanir, atvinnuráðgjöf og áfangastaðastofur. Aukið fjármagn renni einnig til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu.

Rökstuðningur um brýn mál.

Hér skal fyrst vísað er til nýrrar ályktunar 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori, frá 2. apríl sl. þar sem segir.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af þreföldum sértækum Vestfjarðasköttum sem boðaðir er í fjármálaáætlun ríkisins.

Tvöföldun veiðigjalds, hækkun fiskeldisgjalds og sérstakur skattur á skemmtiferðaskip munu eins og þau eru lögð upp hafa gríðarleg áhrif til hins verra á auðlindadrifið útflutningshagkerfi Vestfjarða. Þessir þættir, auk kílómetragjalds, kolefnisgjalds og óvissu í tengslum við flug til Ísafjarðar eru til þess fallnir að draga úr samkeppnishæfni atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

70. Fjórðungsþing að vori hvetur stjórnvöld til að endurskoða þessi áform og draga þannig úr þeirri óvissu sem framlögð fjármálaáætlun hefur skapað á Vestfjörðum. Boðaðar mótvægisaðgerðir eru enn óútfærðar og fyrirsjáanleiki að auknum tekjum ríkisins verði ráðstafað í uppbyggingu í þágu Vestfirðinga ekki til staðar

Hér verða þrjú atriði úr ályktun Fjórðungspingsins tekin til sérstakar umfjöllunar.

1. Tvöföldun veiðigjalds

Fjármálaáætlun byggir á áformum ríkisstjórnar um breytingar á lögum um veiðigjald (bls. 51) og er frumvarp í móttun eftir umfjöllun í Samráðsgátt (mál 62/2025), en sú tillaga sem lögð var fram gefur til kynna að veiðigjald á botnfisktegundir verði að meðaltali tvöfaldað.

Umsagnir sveitarfélaga á Vestfjörðum í Samráðsgátt lýsa allar miklum áhyggjum ef áform stjórnvalda ganga að óbreyttu fram vegna áhrifa á rekstur fyrirtækja og afleidd störf. Útgerðir og vinnslur á Vestfjörðum eru minni og meðalstórar og byggja nær eingöngu á veiðum og vinnslu bolfisks. Áformin eru í raun óásættanleg með tilliti til mikillar skerðingar á framlegð þessara sjávarútvegsfyrirtækja, þjónustukaup og bein áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga auk getu fyrirtækjanna til ýmissa samfélagsverkefna sem þau hafa stutt um árábil.

Vegna skamms fyrirvara vann KPMG lauslega úttekt fyrir samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Megináðendingar þar eru að verulegir ágallar séu á forsendum frumvarpsins, þar sem sett er fram það mat að áform frumvarpsins komi til með *að hafa óveruleg áhrif verði á rekstur og samkeppnishæfni sveitarfélaga*. Niðurstaða KPMG er hinsvegar að hér sé þvert á móti stefnumarkandi ákvarðanir sem komi til með að hafa mikil áhrif á rekstur sjávarútvegssveitarfélaga.

Önnur greining á einstökum útgerðarfélögum og vinnslum sem unnin var af Deloitte, og verður birt þegar gögn á bakvið hana hafa verið kynnt á aðalfundum félaganna, sýnir að hagnaður minnkar verulega og í einhverjum tilvikum snýst upp í tap. Fyrirætlanir um kvótakaup og aðrar fjárfestingar hafa þegar verið lagðar til hliðar af þessum sökum. Skoða þarf einnig hvað hæft er í staðhæfingum Samtaka fyrirtækja í sjávarúrvegi (SFS) um að áhrif laganna séu vanmetin um 3 ma.kr. vegna óbeinna áhrifa á veiðgjöld annarra tegunda.

Gerð er krafa á grundvelli 1. mgr., 129. gr laga 138/2011 að væntanlegu frumvarpi um veiðigjöld muni fylgja ítarlegt kostnaðarmat á áhrif á tekjur sveitarfélaga og endanleg afgreiðsla fjármálaáætlunar 2026-2030 frá Alþingi, taki mið af því.

2. Hækkun fiskeldisgjalds

Boðuð er aukning á fiskeldisgjaldi úr 4,3% í 5% (bls. 51). Það yrði þriðja breytingin til hækkunar á þrem árum frá upphaflegum gjaldstofni 3,5% samkvæmt ákvæðum laga 89/2019 (lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð), og eða í ákvæðum tekjubandorms fjárlaga síðustu þriggja ára auk hækkunar þjónustugjalda. Gangi tillagan óbreytt fram þá mun fiskeldisgjald samkvæmt upphaflegum ákvæðum laga 89/2019, vera að hækka um 43% frá árinu 2022, auk þess sem breytt var reiknigrunni gjaldsins sem einnig leiddi til hækkunar gjalda.

Framangreindar breytingar eru ósamræmi við þau markmið sem sett voru 2019, að hafa aukinn fyrirsjáanleika í hækkandi hlutdeild fiskeldisgjalds á fyrirtækin, enda var þar sett fram sjö ára áætlun um stighækkandi gjöld í samræmi við þroska fyrirtækjanna og aukinna tekna vegna fyrri fjárfestinga.

Við undirbúning endurskoðunar laga um fiskeldi undir heitinu *Lagareldi*, var byggt m.a. á skýrslu Boston Consulting Group og skýrslu Ríkisendurskoðunar og þar voru sömu sjónarmið um fyrrsjáanleika sett fram um gjaldtöku sjókvíaeldis.

Frumvarp til laga um lagareldi átti að afgreiðast frá Alþingi á vorþingi 2024, en af því varð ekki, en samt var samþykkt að láta fram ganga hækkun fiskeldisgjalds úr 3,5% í 4,3% við afgreiðslu fjárlaga 2025 og tekjubandorms. Í umfjöllun Alþings um málið var þó upphaflegri tillögu breytt en hún gerði ráð fyrir að fiskeldisgjaldið næmi 5%. Alþingi hefur því þegar hafnað þessum tillögum fjármálaáðuneytis sem settar eru fram í Fjármálaáætlun.

Nú er boðað í Fjármálaáætlun að frumvarp um lagareldi verði lagt fram að nýju á haustþingi 2025. Tillagan um 5% fiskeldisgjald er því að koma að nýju fram án þess að tekist hafi að ræða málefni atvinnugreinarinnar í heildarsamhengi. Þessari tillögu um hækkun er því enn og aftur mótmælt og þess krafist að texti þess efnis verði dregin til baka í Fjármálaáætlun 2026-2030.

Ástæða er einnig til að á sama tíma gerð verði sértæk úttekt á áhrifum af þróun lagareldis og gjaldtöku fyrir fiskeldissveitarfélög, ekki síst á Vestfjörðum þar sem sjókvíaeldi og tengd starfsemi er nú ein stærsta stoð atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum.

Það er ekki sjálfgefið að sjókvíaeldi haldi áfram á Íslandi og að það haldi áfram að vaxa. Stjórnvöld þurfa að muna að skattlagning er ekki einhalla fall þar sem heildartekjur aukast með hærri skattþrósentu.

Að lokum er ítrekuð krafa Fjórðungsþinga um að meginhluti fiskeldisgjalds af sjókvíaeldi renni til sveitarfélaga í stað þriðjungs eins og nú er. Eins verði fyrirkomulagi úthlutunar breytt og framlögum ráðstafað beint til fiskeldissveitarfélaga í stað sérstakrar úthlutunarnefndar.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um málavíð 13, *Sjávarútvegur og fiskeldi*.

3. Sérstakur skattur á skemmtiferðaskip

Gerð er krafa um að fjármálaáætlun 2026-2030 fjalli um gjaldtöku á skemmtiferðaskip og áhrif á rekstur sveitarfélaga með vísan til 129. gr sveitarstjórnarlaga. Engin umfjöllun var um breytingar hvað þetta atriði varðar í fjármálaáætlun 2025-2029. Það kom fyrst fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 og í tillögu um breytingu á lögum um gistináttaskatt nr. 87/2011 innan frumvarps um tekjubandorm (mál 300., 155 löggjafarþing). Tillaga sem var samþykkt fól í sér nýtt gjald—innviðagjald—auk breytinga á tollfrelsi skemmtiferðaskipa sem notuð eru við innanlandsiglingar hluta úr ári. .

Fjórðungssamband Vestfirðinga⁴ og fjöldi aðila mótmæltu gjaldtökunni og þá sérstaklega að hún væri án fyrirvara og án sérstaks rökstuðnings, en ekki var mótmælt að slíkt gjald yrði tekið til umræðu. Varað var við sértækum afleiðingum fyrir hluta sveitarfélaga í landinu og atvinnulíf þeirra. Þau varnaðarorð hafa þegar ræst nú þegar með fækkun skipakoma til lengri og skemmri tíma.

⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/155/155-440.pdf>

Við blasir sú hættu að vegna fækkunar skipakoma muni ný gjaldtaka fremur koma til með að lækka væntar tekjur ríkissjóðs og valda heildarsamdrætti í þessum hluta ferðaþjónustunnar. Áhrifin á þjórðarbúið í heild er erfitt að reikna, en þau eru augljóslega mjög neikvæð.

Álitshnekkir sem íslensk stjórnvöld hafa orðið fyrir er dýr. Erlend skipafélög, sem í ár þurfa að borga á annan milljarð í skatt sem þau geta ekki velt áfram á gesti sína, eiga erfitt með að treysta stjórnvöldum. Það eru aðrar hafnir í heiminum, önnur náttúruundur og annað mannlíf, sem skemmtiferðaskipin geta siglt til og eins áhrif stríðsátaka s.s. við Svartahaf sem loka fyrir siglingar og valda því að skipafélög leita á ný svæði, hugsanlega tímabundið. Samkeppnin er því hörð. Núverandi ríkisstjórn á ekki að gerast samsek í óþöðlegum vinnubrögðum fyrri stjórnar.

Því er þess krafist að fjárlaganefnd taki málið til umfjöllunar og leggi til verulega lækkun innviðgjalds. Jafnframt fram fari mat á áhrifum álagningu gjaldsins á rekstur sveitarfélaga og stofnanna þeirra

Benda verður á að áhrif á vestfirsk sveitarfélög eru sértæk með tilliti til þess að um 8% erlendra ferðamanna sem ferðast til Íslands koma til Vestfjarða en 2/3 hluti ferðamanna á skemmtiferðaskipum. Leiða má líkum að þessi aukna eftirspurn skemmtiferðaskipa eftir þjónustu á Vestfjörðum hefði ekki orðið til nema á hugsanlega á löngum tíma, en hafi nú þegar náð að skapa fleiri heilsársstörf og aukna getu til vöruþróunar en áður var unnt.

Umfjöllun eftir málavíðum

Málavíð 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Boðuð er samræming í fjölda þeirra sjóða sem koma að nýsköpun, rannsóknum og uppbyggingu þekkingar. Fjórðungssamband leggur áherslu á að staðið verði við markmið málavíðsins (bls. 130–1) að efla starfsemi um allt land og veiti aðilum möguleika til vaxtar óháð staðsetningu, sem feli í sér eflingu stofnana ríkisins um land allt og eflingu héraðsbundinna verkefna. Fagnað er að áhersla sé á þróun matvælagreina en þar er mikill vöxtur á Vestfjörðum.

Málavíð 8 Sveitarfélög og byggðamál

Það er jákvætt hve stefnumörkun fjármálaáætlunar er skýr í að efla eigi þátt byggðamála og í umfjöllun um málefni sveitarfélaga er lögð áhersla á eflingu samfélaga.

Farsælt samstarf hefur byggst upp milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta á síðustu áratugum í gegnum forvera og núgildandi sóknaráætlanir landshluta, samninga um atvinnuþróun, nýsköpun og byggðaðróun og samninga um áfangastaðastofur. Hér hafa ríki og sveitarfélög náð verulegum árangri með því að leggja til fjármagn og tíma í verkefni sem efla atvinnulíf og samfélög í héraði og eins áhrif á landsvísu.

Samningar um nýjar sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir nú í janúar sl. og taka til tímabilsins 2025-2029. Það er mikilvægt að í fjármálaáætlun er stutt við áframhald þessara áætlana og með beinni aðild fleiri ráðuneyta en í fyrri áætlunum. Þetta eru innviðaráðuneyti, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti. Þessi framkvæmd er í takt við áherslur málavíðs 8, enda eru byggðamál málaflokkur sem ekki vinnst nema með samþættingu og að unnið sé þvert á málavíð einstakra ráðuneyta.

Í þessu samhengi vekur það áhyggjur og því beint til fjárlaganefndar að óska eftir nánari skýringa viðkomandi ráðuneyta á þeirri framsetningu á bls. 134 þar sem segir „Auk þess falla niður tímabundin framlög í byggðamálum 2026“.

Fjórðungssambandið hefur áhyggjur af því að hér sé enn og aftur endurtekið sama málið og á undanföllum árum. Forsagan er þessi: að grunni til eru framlög ríkisins til byggðamála að meginhluta sömu fjárhæðir sem lagðar voru til grundvallar í samningum um og eftir árið 2018 en hafa ekki fylgt verðlags eða launaþróun. Í covid-faraldri voru framlögin hækkuð sem viðbragð við samdrætti en voru lækkuð að nýju árið 2021. Hafa landshlutasamtök síðan ár hvert í umsögn um frumvarp til fjárlaga, þurft að óska eftir hækkun framlags til að mæta kostnaðarhækkunum og að hluta hefur verið komið móts við það.

Fjórðungssamband Vestfirðinga væntir þess að hér verði ekki gengið gegn markmiðum sem sett eru með nýjum sóknaráætlunum og rétt að ítreka sjónarmið sem komu fram í sameiginlegri umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga við frumvarp til fjárlaga 2024⁵.

Málasvið 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

68. og 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga hafa ályktað um samgöngumál og fjarskiptamál ásamt ítarlegri greinargerð vísast til þeirra hér í neðanmáls tenglum⁶. Fjórðungssambandið áskilur sér síðan rétt að taka einstök efnisatriði upp þegar stefna í undirmarkmiðum málasviðsins kemur fram og síðan í nýrri samgönguáætlun sem lögð er fram á hausti komandi.

Stefna málasviðsins er í takt við fyrri fjármálaáætlanir, að byggja upp og viðhalda öflugu samgöngu og fjarskiptakerfi í landinu. Jákvætt er að sjá nýjar áherslur um að leggja aukið fjármagn til viðhalds vega og bregðast við viðhaldsskuld í innviðum, þar er komið til móts við kröfugerð í ályktunum Fjórðungsþinga, með þeim fyrirvara að nánari útfærsla bíður nýrrar Samgönguáætlunar. Stefna um að ljúka ljósleiðaravæðingu smærri byggðarlaga eigi síðar en 2026 fellur einnig að kröfum í ályktunum Fjórðungsþinga.

Farnet á stofnvegum: tafir í uppbyggingu og óskýrleiki stjórnsýslu.

Lýst er vonbrigðum með þá stefnubreytingu málasviðsins að ekki verði staðið við að koma upp samfelldu tal- og háhraðanetssambandi á stofnvegum landsins og er það fjarri kröfum í ályktunum Fjórðungsþinga. Stjórnvöld gengu frá samkomulagi við fjarskiptafyrirtækin við útboð tíðnisviða 2023 að endurgjald þeirra fælist í aðkomu að uppbyggingu þessara kerfa í samstarfi á móti kostnaðarhlutdeild Öryggisfjarskipta ehf. (Neyðarlínu). Sett var að markmiði að uppbyggingu yrði lokið á árinu 2026.

Í Fjarskiptaáætlun Vestfjarða⁷ sem Fjórðungssamband gaf út vorið 2024 er stöðu fjarskiptamála lýst og tillögum að úrbótum. Unnin var tillaga í samráði við lögreglu og viðbragðsaðila um forgangsroðun verkefna, en í heild er um að ræða 24 senda en í fyrstu atrennu er lögð áhersla á 8 senda auk Tetrasambands, heildarfjárstofnfjárhæð er metin 60 mkr.

Þegar Fjórðungssamband kynnti dómsmálaráðuneyti þessa forgangsroðun haustið 2024, kom í ljós að stjórnvöld höfðu ekki fjármagnað hlut Öryggisfjarskipta ehf til að taka þátt í samstarfi við fjarskiptafyrirtækin. Tillaga Fjármálaáætlunar er að seinka verkefninu verulega og stefnt að verklokum í enda kjörtímabils þessara ríkisstjórnar sem þýðir síðla ár 2028 eða rúmum 5 árum eftir að stefna er mörkuð. Fjarskiptastofa er með til umsagnar mál um frestun á verkefninu til 5. maí nk. og þá kemur fram hvort og hvernig fjarskiptafyrirtækin vilja standa að því og málið því í mikilli óvissu.

⁵ <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-180.pdf>

⁶ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungsting/69thing/haust/alyktanir-69-fjorungstings-ad-hausti1.pdf> og <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungsting/68thing/haust/alyktanir-68-fjorungstings.pdf>

⁷ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2024/fjarskiptaaaetlun-vestfjarda-mars-2024.pdf>

Markmiðssetning, yfirstjórn og yfirsýn er einnig flókin innan stjórnasýslunnar og því ekki ljóst hvar framangreind stefnubreyting um seinkun á uppbyggingu farnets er í raun tekin og hvort samráð hafi verið tekið milli ráðuneyta. Málið varðar aðkomu þriggja ráðuneyta, áður nefnt dómsmálaráðuneyti vegna yfirstjórnar á Neyðarlínu, Almannavarna og löggæslu, innviðaráðuneyti sem fer með fjarskiptamál að nýju eftir að háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar var lagt niður og síðan fjármála og efnahagsráðuneyti sem fer með 100% eignarhluta Öryggisfjarskipta ehf.

Sérstaða á Vestfjörðum í samspili skertrar vetrarþjónustu og dekkun farnets og útvarpssendinga.

Á Vestfjörðum snertir þessi staða sérstaklega langa vegkafla á Vestfjarðavegi 60 og Djúpvegi 61 þar sem hvorki vegfarendur né viðbragðsaðilar hafa aðgang að farneti eða öryggisfarneti. Þetta eru um leið þeir stofnvegir í landinu sem hafa stysta þjónustutíma vetrarþjónustu í landinu (8 til 8,5 tímar í stað 10 til 12 tíma) og geta lokast með stuttum fyrirvara, meðal annars vegna ofanflóðahættu. Uppmögnun áhættu sem hér er íbúum og öðrum vegfarendur er boðið uppá er óskiljanleg og þess er krafist að brugðist hér strax við og fjármagn sett að lágmarki í samræmi við forgangsroðun 8 senda, sem kynnt er hér að framan.

Athygli fjárlaganefndar er einnig vakin á að FM útvarpssendingar á stofn- og tengivegum eru gloppóttar og er um að ræða sömu svæði og dekkun farnets er í dag. Langbylgjusendingar nást um alla Vestfirði en eru við það að leggjast af, sökum þess að loftnet á Gufuskálum er því sem næst ónýtt og spursmál hvenær það gefur sig, auk þess sífellt færri viðtæki eru útbúin til að taka við langbylgjusendingum. Útvarpssendingar eru því mikilli áhættu ef Ríkisútvarpið hraðar ekki uppbyggingu FM senda, fyrir vegfarendur og einnig sjófarendur á strandsvæðum og ferðamenn og sumarhúsagesti svo sem í Hornstrandsfriðlandi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá kröfu til fjárlaganefndar að taka til umfjöllunar stöðu farnets á stofnvegum og hvernig staðið er að samhæfingu ráðuneyta varðandi framkvæmd málsins.

Frekleg mismunum reglugerðar og skortur fjárveitinga til vetrarþjónustu á Vestfjörðum.

Það eru sömuleiðis mikil vonbrigði að ekki er svarað því freklega misræmi sem vetrarþjónusta á Vestfjörðum er í samanburði við aðra landshluta. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd er þjónustutími vetrarþjónustu um 3 til 4 tímum styttri á Kletthálsi og Steingrímsfjarðarheiði en í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðis og nágrenni þess.

Þessi styttri þjónustutími byggist á grundvelli reglugerðar um vetrarþjónustu frá 2018 og vinnureglna Vegagerðar 2012 og er ætlað að gæta jafnræðis þjónustunnar um land allt. Forsendur hennar ganga út frá að tryggja jafnræði í þjónustu innan atvinnusvæða (vegalengd milli þéttbýlisstaða) og jafnræði miðað við umferðarþunga. Þessi rammi reglugerðar kemur mjög illa út fyrir Vestfjarðaveg 60 og Djúpveg 61, en þar er um að ræða vegakafla þar sem um og yfir eru 200 km á milli þéttbýlisstaða og umferð um þá nær ekki samanburði við aðra landhluta. En um leið eru þetta meginásar flutningskerfis fyrir afurðir frá Vestfjörðum, þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis og fyrir vaxandi ferðaþjónustu, auk hversdagslegrar notkunar íbúa.

Fjórðungssamband hefur ítrekað í umsögnum um fjármál ríkisins, samgönguáætlun og málefnum sveitarfélaga bent á þessa mismunum. Er þess því enn og aftur krafist að sett verði að markmiði að breyta þessari reglugerð og rjúfa þá pattstöðu sem hefur verið um árabíl. Aukið fjármagn þarf ef farið er að kröfum um breytingar vetrarþjónustu á Vestfjörðum en það er brot af því sem veitt er til vetrarþjónustu yfir landið allt og þá sérstaklega ef horft er til fjármagns sem veitt er til á suðvestanverðu landinu.

Opið virka daga fjöldi klst.	Opið um helgar - fjöldi klst.	Vinnusóknar- svæði Byggðastofnunar	Veg nr	Þjónustu-flokkur	Opið virka daga	Opið um helgar	Fjöldi bíla (meðaltal des - mars)	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)
7,5	6	5 Sunnanverðir Vestfirðir	60	3	10:00 17:30	11:30 17:30	50	Klettháls
8	5,5	7 Strandir - Innkjúp	61	3	11:00 19:00	12:30 18:00	125	Steingrímsfjarðarheiði
9,5	7,5	4 Reykhólahreppur	60	3	08:00 17:30	09:30 17:00	75	Hjallaháls, Ódrjúgsháls
10,5	8,5	3 Snæfellsnes	54	3	08:00 18:30	09:30 18:00	125	Fróðarheiði
10,5	8	20 Múlaþing - Þingeyjarsýslur	1	3	09:00 19:30	10:30 18:30	175	S-Hárekstaðarleið
10,5	8	18 Vopnafjörður	85	3	09:00 19:30	10:30 18:30	50	Vopnafjarðarheiði
11,5	12,5	2 Dalir	60	3	08:00 19:30	08:30 21:00	350	Brattabrekka
11,5	9,5	3 Snæfellsnes	56	3	08:00 19:30	09:30 19:00	375	Vatnaleið
11,5	9,5	4 Reykhólar - Dalir	60	3	08:00 19:30	09:30 19:00	250	Svinadalur
11,5	9,5	4 Strandir - Reykhólarhr	61	3	08:00 19:30	09:30 19:00	175	Þróskuldar
11,5	8	13 Þingeyjarsýslur - Múlaþing	1	3	08:00 19:30	10:30 18:30	150	N-Hárekstaðarleið
12	10,5	5 Sunnanverðir Vestfirðir	62	3	08:00 20:00	09:30 20:00	100	Kleifaheiði
12	10	10 Skagafjörður	744	3	07:30 19:30	09:00 19:00	350	Þverárfjall
12,5	11	5 Sunnanverðir Vestfirðir	63	3	07:30 20:00	09:00 20:00	275	Miklidalur / Hálfán (175 bílar)
12,5	10,5	17 Þórshöfn-Raufarhöfn	85	3	07:30 20:00	09:00 19:30	50	Hófaskarð
12,5	10,5	18 Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjörður)	85	3	07:30 20:00	08:30 19:00	50	Sandvíkurheiði
12,75	10,5	6 Norðanverðir Vestfirðir	60	3	07:25 20:00	09:00 19:30	150	Gemlufallsheiði
13,5	12,5	2 Borgarfjörður	1	2	08:00 21:30	08:30 21:00	850	Holtavörðuhéiði
13,5	13	12 Eyjafjörður - Skagafjörður	1	2	08:00 21:30	08:30 21:30	800	Öxnadalshéiði
15,5	14,5	20 Hérað - Seyðisfjörður	93	2	06:30 22:00	07:00 21:30	250	Fjarðarheiði
15,5	14,5	21 Fjarðabyggð - Múlaþing	1	2	06:30 22:00	07:00 21:30	925	Fagradalur

Mynd. Þjónustutími vetrarþjónustu á fjallvegum 2023-2024 innan og eða milli vinnusóknarsvæða

Innanlandsflug og varaflugvallargjald

Ekki er beint fjallað um innanlandsflug í greinargerð fjármálaáætlunar en Fjórðungssamband telur mikilvægt að taka það upp enda kjarninn í samgöngum og almenningssamgöngum landshlutans.

Um langt árabíl eða allt frá fjármálahruni 2008, komu litlar fjárveitingar til viðhalds og endurbóta áætlunarflugvalla innanlands. Með tilkomu varaflugvallargjalds á árinu 2023 kom nýtt fjármagn til áætlunarflugvalla á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík. Áætlað var að það gæti numið 1.200-1.500 mkr. á ári miðað við 6–7 milljónir farþega. Mikilvægt við þessa aðgerð fyrir áætlunarflugs á Vestfjörðum, er að hér er fjármagn komið til viðhalds og nýframkvæmda á Reykjavíkurflugvelli og treystir tilveru hans í sessi til lengri tíma litið.

Í afgreiðslu frumvarps um varaflugvallargjalds á Alþingi var ekki svarað umsögn Fjórðungssambandsins hvort að við upptöku þess myndi losna um fjármagn sem áður var ætlað til þessara þriggja flugvalla sem innanlandaflugvalla eða þeir fái áfram hlutdeild af fjármagni sem veitt er til þjónustu og viðhalds innanlandsflugvalla.

Fjórðungssamband krefst hér skýrra svara hvað telst innanlandsflugshluti og hvað er varaflugvallarhluti og gerð er krafa um að við úrfærslu fjármálaáætlunar á síðara stigum verði upplýst um innkomu af varaflugvallargjaldi og hvernig því er ætlað að skiptast.

Fyrir Vestfirði er meginkrafan að aukið fjármagn komi til viðhalds og nýframkvæmda annarra áætlunarflugvalla. Á Vestfjörðum eru það Bíldudalsflugvöllur, Ísafjarðarflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Þessir flugvellar eru forsenda þess að markmið samgönguáætlunar haldist um 3,5 tíma þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis frá þeim svæðum sem þeir þjóna, en sinna einnig mikilvægu hlutverki fyrir sjúkraflug, eldsneytistöku þýrlna Landhelgisgæslunnar og þar fram eftir götunum. Allir þessir flugvelli þarfnast aukins viðhalds á slitlagi, búnaði og tækjum og bættra flugleiðsagnar með EGNOS kerfinu.

Sérstök staða áætlunarflugs til Ísafjarðar

Ný staða er síðan kominn upp með því að Icelandair ætlar að hætta áætlunarflugi til Ísafjarðar í júní 2026. Stjórnvöld hafa lýst miklum vilja til að leita nýrra leiða til að koma á móts við þessa stöðu og tryggt verði áætlunarflug til Ísafjarðar. Ekki liggur ekki fyrir hvernig best er að standa að því verkefni til lengri og skemmri tíma lítið, og hafa landshlutasamtök og Vegagerðin safnað gögnum og undirbúið ákvarðanatöku þar um. Hvort heldur sem er, mun það koma til úrlausnar á tímabili fjármálaáætlunar 2026-2030. Því er gerð sú krafa að þessi staða sé tilgreind í fjármálaáætlun og þar með heimild til stjórnvalda að bregðast við henni í fjárlögum næstu ára.

Kílómetragjald

Nýtt kerfi í gjaldtöku af umferð í landinu með kílómetragjaldi mun samkvæmt greinargerð frumvarps um kílómetragjald ekki leiða til hækkunar á almenna fólksbíla. Ítrekuð er áskorun í umsögn Fjórðungssambands um málið að þessi þáttur verði vaktaður vel og einnig áhrif hækkunar kolefnisgjalds sem mun á tveim árum tvöfaldast. Áhrif á þungaumferð eru líkleg til að hækka kostnað við útflutning afurða og aðflutning til Vestfjarða og þarf að vakta þar þróun.

Benda verður á í því samhengi að framlög til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar óbreytt fram til ársins 2029 samkvæmt frumvarpi sem nú er til umfjöllunar á Alþingi um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun. Hér rekast á markmið stjórnvalda um loftlagsmál og markmið um að stuðla að jöfnuði í byggðar í landinu. Beint er til fjárlaganefndar að taka hér umræðu þessar mótisagnir í markmiðum stjórnvalda.

Málasvið 13. Sjávarútvegur og fiskeldi

Vísað er til ályktana 68. og 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga þar sem með greinargóðum hætti er lýst áhrifum breytinga á hækkun fiskeldisgjalds og kröfum um breytingar í þeim efnunum. Í meginatriðum eru þessir þættir hinir sömu og komið var að hér að framan þar sem mótmælt er hækkun fiskeldisgjalds, en rétt að ítreka hér.

Ófyrirsjáanleiki og ósamræmi í markmiðsetningu stjórnvalda eru óboðleg. Það að auka álagningu auðlindagjalda á sjókvíaeldi dregur úr getu fyrirtækja til að þróa nýja atvinnugrein, en um leið setja stjórnvöld markmið um öflugt og framúrskarandi lagareldi með vísan til eldistækni sem enn er í þróun svo sem lokaðar eldiskvíar og kynlausan lax. Til að ná markmiðum um bætta eldistækni þá þurfa fyrirtækin að eiga fjárhagslegt svigrúm til þróunar og kaupa á nýjum búnaði þegar hann verður til reiðu. Hér rekast því markmið stjórnvalda hvert í annars horn.

Áhrif á rekstur fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum eru annar þáttur. Sveitarfélögin eru að koma úr löngu samdráttarskeiði en horfa nú fram til umsnúnings í þróun samfélaganna. En til að mæta þessari þróun þarf mikla innviðauppyggingu til að mæta fjölgun íbúa og þörfum nýrrar atvinnugreinar. Til þess þarf fjármagn sem sveitarfélögin búa ekki að eftir langan samdráttartíma.

Sveitarfélög á Vestfjörðum telja eðlilegra að meginhluti fiskeldisgjalds af sjókvíaeldi renni til sveitarfélaganna í stað ríkisins til að mæta þessari uppbyggingu. Það er umhugsunarvert að fiskeldissveitarfélög njóta hér ekki nema hluta af hagrænu virði af nýtingu staðbundinnar auðlindar í nærumhverfi sínu, öfugt við sveitarfélög sem búa við ríkulegan hag af nýtingu jarðvarma í sínu nærumhverfi og því síður er þeim eða landeigendum gert að greiða þar af auðlindagjald.

Að lokum er krafa um að efling rannsókna og eftirlits í fiskeldi eiga að taka mið af markmiðum stjórnvalda um eflingu opinberrar starfsemi utan höfuðborgarsvæðis með fjölgun stöðugilda og opnun nýrra starfsstöðva á Vestfjörðum.

Málasvið 14. Ferðaþjónusta

Sem fram kemur í greinargerð fjármálaáætlunar, byggja markmið hennar í ferðamálum á nýrri ferðamálastefnu til ársins 2030. Lögð er áhersla á að ná jafnvægi og samþættingu lykilstoða efnahags, samfélags, umhverfis og gesta. Hér er dreifing ferðamanna um land allt mikilvæg.

Hver landshluti hefur ákveðna sérstöðu og skapar fjölbreytt úrval áfangastaða og afþreyingar fyrir ferðamenn og svara þar áherslum stefnunnar. Áfangastaðastofur eru lykilþáttur í því markmið stjórnvalda að efla ferðaþjónustu um land allt, dreifa álagi og opna ný svæði.

Fjármögnun áfangastaðastofa og markaðsmála í hverjum landshluta hefur verið brotakennd. Árvisst hefur verið sótt um aukin framlög og þau verið samþykkt til eins árs í senn en upphæðin óbreytt að nafnvirði. Tillaga fjármálaáætlunar er að heildarframlög til málasviðsins lækki árlega, en nánari útfærsla á framkvæmd kemur fram síðar á árinu við nánari útfærslu fjármálastefnu.

Það er mat Fjórðungssambands að til að ná markmiðum Ferðamálaáætlunar, þurfi að efla svæðisbundna markaðssetningu sem gerir grein fyrir fjölbreytileika svæða og leggur áherslu á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig. Á Vestfjörðum hefur á síðustu árum byggst upp öflug ferðaþjónusta í tengslum við komur skemmtiferðaskipa og með þeim úrbótum sem hafa orðið á samgöngum á landi skapast tækifæri til að efla enn ferðaþjónustuna sem heilsársatvinnugrein á Vestfjörðum.

Í fjármálaáætlun er boðað að taka til skoðunar upptaka á auðlindagjaldi fyrir aðgang ferðamann að náttúruperlum Íslands. Slík auðlindagjöld eru ekki líkleg til að skila miklum tekjum fyrir Vestfirði nema til komi umtalsverð fjölgun ferðamanna á fleiri staði en nú er raunin. Til þess að það gerist þarf samþætt átak markaðsetningar og aukinna fjárfestinga sem einnig þarf til að skapa dýrmæt tækifæri fyrir Ísland til að skapa nýja áfangastaði í ferðaþjónustu sem hafa burði til að auka heildartekjur af atvinnugreininni.

Málasvið 15 Orkumál

Orkuskiptur á Vestfjörðum og áform um úrbætur

Vegna ótryggrar stöðu flutningskerfis og takmarkaðrar orkuframleiðslu innan Vestfjarða, hefur um áratuga skeið verið viðvarandi orkuskiptur og óöryggi í afhendingu raforku í landshlutanum. Þessi staða hefur verið mikill dragbítur á þróun atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum ekki síst þegar áföll gengu yfir svæðið á tíunda áratug síðustu aldar. Það eykur og á erfiða stöðu orkumála að vegna takmarkaðs aðgangs að jarðvarma (köld svæði), þá er mikið af forgangsorku bundið við rafhitun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og baktryggja þarf aðgengi að forgangsorku með varaafli knúnu jarðefnaeldsneyti, en notkun jarðefnaeldsneytis er í andstöðu við stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum.

Skýr stefna um úrbætur og forgangsroðun verkefna hefur verið mörkuð í skýrslum starfshópa umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um aðgerðir á Vestfjörðum⁸ og í meginatriðum er um hana almenn sátt. Drög að kerfisáætlun Landsnets, sem nú er til umsagnar, boða uppbyggingu flutningskerfis með tengingu Hvalárvirkjunar og svæðisbundins flutningskerfis á Vestfjörðum. Að þessu gefnu má horfa til þess að eftir árið 2030 verði komin mun ásættanlegri staða í raforkumálum á Vestfjörðum. Stjórnvöld hafi þá árið 2030, náð að uppfylla að meginhluta stefnumörkunar í þingsályktunartillögu 26/2018 um stefnu stjórnvalda um flutningsmál raforku, þar sem setja átti Vestfirði í forgang meðal annars með N-1 tengingu (hringtengingu) tengivirkis í Mjólka í Arnarfirði.

Markmið fjármálaáætlunar 2026-2030 varðandi í stjórnun og þróun orkumála, svo sem einföldun leyfisveitinga auk fleiri atriða, falla vel að þessum úrbótum varðandi uppbyggingu virkjana og flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Markmið um átak í eflingu jarðhitaleitar á köldum svæðum fellur sömuleiðis vel að úrlausn orkumála á Vestfjörðum. Væntingar eru því um að þar geti losnað um forgangsorku sem bundinn er við rafhitun í dag og draga úr þörf á varaafli knúnu jarðefnaeldsneyti.

⁸ Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum, júní 2023

[Efling Samfélags á Vestfjörðum Web.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum, apríl 2022

[Raforkumál Vestfjarða skýrsla 2022.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Málasvið 17. Umhverfismál

Ofanflóðavarnir og endurmat hættumats

Uppbygging varna gegn ofanflóðum á Vestfjörðum hafa dregist mjög miðað við upphafleg markmið sem sett voru fram undir lok síðustu aldar. Það er því vel að í fjármálaáætlun er aukið við fjármagn til Ofanflóðasjóðs til að ná til baka þeim seinkunum sem hafa orðið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að samtímis uppbyggingu nýrra varnamannvirkja verði sett fjármagn til að hraða endurmati á hættumati ofanflóða þar sem varnamannvirkir hafa verið byggð upp. Skortur er á byggingarhæfu landi í þéttbýli á Vestfjörðum og aukið öryggi íbúa og fjárfesting í varnamannvirkjum eru að hluta lausn á þeim skorti.

Samtímis þarf aukið fjármagn í fjármálaáætlun 2026-2030 til að viðhalda og auka þátt rannsókna á ofanflóðum vegna breytinga á loftslagi og til að meta árangur af varnamannvirkjum. Vísað er hér til hins öflugra starfs starfsstöðvar Veðurstofu á Ísafirði og standa þarf vel að viðhaldi á því starfi. Náttúruvá af völdum sjávarflóða er hér einnig vaxandi viðfangsefni vegna loftlagsbreytinga og eru Vestfirðir kjörnir til rannsókna í þeim efnum.

Jöfnun kostnaðar í úrgangsmálum

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggja áherslu á jöfnun kostnaðar við framkvæmd lögbundinnar hringrásarstefnu stjórnvalda. Sveitarfélög á Vestfjörðum vinna nú að mótun verkefna á grundvelli Svæðisáætlunar um meðhöndlun sorps á Vestfjörðum 2024-2035⁹. Ljóst er að meðhöndlun og flutningur úrgangs er kostnaðarmeiri á Vestfjörðum þar sem ekki næst fram stærðarhagkvæmni sökum dreifðar búsetu og mikilla vegalengda á milli þéttbýlisstaða.

Gerð er krafa um að í fjármálaáætlun 2026-2030 verði komið á jöfnun kostnaði við meðhöndlun og flutningi úrgangs óháð staðsetningu.

Öflugri verndun vistkerfa

Á Vestfjörðum og við Breiðafjörð eru ein fjölbreyttustu lífríki og vistkerfi landsins. Sveitarfélög á Vestfjörðum vinna nú að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og sveitarfélög er liggja að Breiðafirði standa að tillögum í skýrslu frá í júní 2024 um Framtíð Breiðafjarðar¹⁰. Innan beggja þessara verkefna verður einn meginþáttur stefna um aðgerðir er lúta að verndun náttúrufarslegra verðmæta á Vestfjörðum og við Breiðafjörð.

Gerð er krafa að í fjármálaáætlun 2026-2030 verði fjármagn sett til fjölgun stöðugilda landvarða í núverandi friðlöndum við Breiðafjörð og Vestfjörðum og mögulegum þjóðgörðum á þessum svæðum. Samhliða verði unnið að eflingu rannsókna og vöktunar vistkerfa á Vestfjörðum og við Breiðafjörð, með eflingu héraðsbundinna stofnana og gerð rannsóknaráætlana fyrir þessi svæði.

⁹ <https://www.vestfiridir.is/static/research/files/svaedisaaetlun-vestfiridir-2024-2035-lokautgafa.pdf>

¹⁰ <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/byggdathroun/framtidarmoguleikar-breidafjardar>

Málasvið 18. Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál.

Stöðnun og samdráttur í starfi héraðsbundinna menningarstofnana.

Miklu máli skiptir fyrir sjálfsmynd íbúa að unnt sé að halda úti metnaðarfullum menningarstofnunum og fjölbreyttum viðburðum á Vestfjörðum. Í gegnum menningu er sérstaða svæðisins, íbúa þess og sérkenni staða dregin fram bæði fyrir íbúa og gesti.

Menningu má kalla límið í hverju samfélagi og gildi þess að hægt sé að hafa stærstu söfn opin allt árið, að menningarviðburðir séu í boði er ótvírætt bæði fyrir íbúa og gesti. Áningarstaðir sem byggja á menningu geta eins og dæmin sýna um land allt haft mikið aðdráttarafl allt árið um kring og styðja þannig jafnframt markmið um dreifingu ferðamanna um landið og lengingu ferðamannatímabilsins.

Með samningi við ráðuneyti menningar, allt frá árin 2006 um Menningarsamninga og síðar frá 2011 um Sóknaráætlana landshluta, hefur verið stutt við menningarstarfsemi, söfn og stofnanir og frumkvöðla á sviði menningar í einstaka landshlutum. Sameiginleg umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga við frumvarp til fjárlaga 2025 benda á að fjárveitingar hafa um langa hríð staðið í stað og eftir því sem lengra liður þá leggst starf þessara stofnana í dróma og lítil nýsköpun á sér stað.

Gerð er krafa um að fjármálaáætlun 2026-2030 að aukið fjármagn verði veitt til Sóknaráætlana landshluta til stofn og rekstrarstyrkja menningarstofnana og eða beinum hætti í gegnum sjóði menningarráðuneytis.

Málasvið 20. Framhaldsskólastig.

Efling iðn- og verknáms á Vestfjörðum í óvissu.

Tekið er undir þá stefnumörkun fjármálaáætlunar að efla iðn- og verknám á framhaldsskólastigi og fjölga innritunum og þeim sem útskrifast úr slíku námi. Hér er fylgt eftir stefnumörkun málasviðsins á síðustu árum, sem m.a. fólst í því að sveitarfélög víðsvegar um land undirrituðu á fyrri hluta síðasta ár samninga við menntamálayfirvöld um uppbyggingu verkmenntahúsa. Á Vestfjörðum var leitað samstarfs við sveitarfélögin um verkefni er laut að byggingu nýs verkmenntahús við Menntaskólann á Ísafirði sem mun þjóna nemum á Vestfjörðum.

Samningurinn fyrir Vestfirði, fól í sér samkomulag um fjármögnun þannig að hægt verði að ljúka hönnun, undirbúning og byggingu. Framkvæmdasýslu ríkisins var falið að ljúka gerð frumathugunar á framkvæmdinni og fjármagn var tryggt að hálfu sveitarfélaganna um hönnun húsnæðisins. Stofnkostnaður nýbygginga skiptist milli aðila þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarfélögin 40%, miðað var við að framkvæmdir hæfust á seinni hluta árs 2024 og að fyrsti áfangi verði kominn í notkun haustið 2026.

Í stuttu máli þá hefur lítið sem ekkert gerst að hálfu menntamálayfirvalda frá því samningurinn var gerður og fjármagn sem sveitarfélög voru tilbúin að leggja til hönnunar er að brenna inni. Það er hér með gerð sú krafa að fjármálaáætlun 2026-2030 tryggi að staðið verði við gerða samninga og tryggt að efling iðn- og verknáms ná til alls landsins eins og markmið fjármálaáætlunar segja til um auk þess að falla að markmiðum Byggaáætlunar 2022-2036 um jafnræði íbúa til náms.

Málasvið 23. Sjúkrahúspjónusta og 24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa. Efling viðbragðsþjónustu og fjarþjónustu.

Málaflokkarnir eru í forgangi stjórnvalda um ráðstöfun fjármagns ríkissjóðs og Fjórðungssamband treystir því að almenn framlög til heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum séu augin í takti við þær áherslur. Fjórðungsþing Vestfirðinga vekur síðan athygli á niðurstöðu könnunar á landsbyggðinni varðandi heilbrigðismál sem gerð var 2023, þar sem kallað er eftir öflugri bráðabjónustu og að fjarþjónusta verði efl. Sömuleiðis verði úrbætur á Tetra og farnetskerfi fyrir viðbragðsaðila og almenning sem hér að framan hefur og verið rakið og tilgreind eru hér í ályktun Fjórðungsþings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur síðan undir beiðni sveitarfélaga á Ströndum að hafin verði skoðun á tilflutningi starfstöðvar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Horfa verði til þess flækjustigs sem skörun heilbrigðisumdæma við aðra starfsemi ríkis og sveitarfélaga sem hefð er fyrir að telja til Vestfjarða og geta samgöngulega í dag verið hluti af þjónustusvæði viðkomandi stofnana.

Málasvið 31. Húsnæðis og skipulagsmál

Húsnæðismál

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að fylgt verði eftir því markmiði að hugað sé sérstaklega að áskorunum í húsnæðismálum á landsbyggðinni með sérhæfðum lausnum. Brýnt er að skoða sérstöðu svæða eins og á Vestfjörðum, þar sem enn er verulegur eða mikill munur á markaðs og byggingarverði en samhliða mikill skortur á húsnæði til að mæta vaxandi íbúafjölda auk hás atvinnustigs. Húsnæðismál eru ásamt innviðamálum sá málaflokkur sem er mesta hindrun í að tryggður verði framtíðarvöxtur atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur einnig til þess að skoða vandlega áhrif aðgerða varðandi breyttar reglur um skammtímaleigu m.a. kvaðir á eignarhald einnar íbúðar í þéttbýli auk eigin húsnæðis. Um áratuga skeið hefur slíkt eignarhald íbúa utan höfuðborgarsvæðis verið þeirra leið til að tryggja jafnræði til náms og öryggi ungs fólks á leigumarkaði. Núverandi regluumhverfi sem leyfir hámark 90 daga leigu er að hluta nýtt í þessum tilfellum en líklega er einnig hluti þess í langtímaleigu árið um kring. Röskun á þessu fyrirkomulagi gæti því snúist gegn meginmarkmiðum að auka framboð á húsnæði þar sem yngra fólk utan höfuðborgarsvæðis, á þá síður möguleika á húsnæði og vinnur það einnig gegn jafnræði um aðgengi til náms.

Eftirfylgni Landsskipulagsstefnu með gerð Strandsvæðaskipulags Breiðafjarðar.

Gert er ráð fyrir heildarendurskoðun laga um haf og strandsvæðaskipulag í markmiðum fjármálaáætlunar 2026-2030, en í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er ákvarðað um hvaða strandsvæði verði tekin til skipulags hverju sinni.

Alþingi fjallar hinsvegar nú um frumvarp til laga um skipulag haf og strandsvæða, mál 147¹¹, þar segir m.a..

Markmið frumvarpsins er að áður en heildarendurskoðun fari fram þá verði að gera tiltekna lágmarksbreytingar á lögunum til að sníða af þeim tæknilega agnúa sem komið hafa í ljós við framkvæmd þeirra. Auk þess er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum, nr. [123/2010](#), þar sem heimilað var að kostnaður við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði og Austfirði yrði greiddur úr Skipulagssjóði þar sem ekki lægi fyrir hvernig slík skipulagsgerð yrði fjármögnuð til framtíðar. Þar sem sú stefnumörkun bíður heildarendurskoðunar laga um skipulag haf- og strandsvæða er lagt til að fyrirhuguð gerð strandsvæðisskipulags fyrir Eyjafjörð og Skjálfandaflóa verði líka kostuð af Skipulagssjóði.

Í umfjöllun hér frammar um málavíð 17 Umhverfismál, er lýst tillögum úr skýrslunni Framtíð Breiðafjarðar þ.m.t. tillaga um hafin verð gerð Strandsvæðaskipulags Breiðafjarðar á grundvelli víðtækar gagna og vilja sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi sem leiddu gerð skýrslunnar fyrir hönd stýrihóps ráðuneyta og sveitarfélaga, hafa í umsögn¹² um frumvarpið gert þá breytingartillögu við frumvarpið að það heimili Skipulagssjóði að greiða einnig fyrir gerð strandsvæðaskipulags við Breiðafjörð. Því fylgir að aukið fjármagn verði lagt til Skipulagssjóðs á tímabili fjármálaáætlunar.

Bent skal hér á nú þegar hafi verið aflað víðtækra gagna auk samráðs við íbúa sem eru fylgjandi tillögunni auk sveitarstjórna. Eins er í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 tillaga (Aðgerð 10) um að hafið verði á árinu 2024 val á nýjum strandsvæðum til skipulags og má nær fullyrða að strandsvæðaskipulag við Breiðafjörð hefði orðið þar fyrsti valkostur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að heildarendurskoðun laga um haf og strandsvæðaskipulag muni taka þá langan tíma og því hætta á að gögn úreldist auk þess að hefja þarf samráð að nýju í kjölfar sveitarstjórnarkosningar um mitt næsta ár. Auk þess er áriðandi að ljúka umfjöllun um mál er varða framtíð verndarsvæðis við Breiðafjörð og alþjóðlegar skuldbindingar stjórnvalda í umhverfismálum.

¹¹ [Skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslög | Ferill þingmáls | Alþingi](#)

¹² <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-393.pdf>
<https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-548.pdf>

Það millibils ástand sem skapast hefur verið við stjórnarskipti hér geti hér að ósekju leitt til mikilla tafa og tjóns fyrir atvinnulíf og samfélög við Breiðafjörð og verndun fjölbreyttra vistkerfa og gerð er krafa að úr því verði bætt, með því að beina fjármagni til þeirra verkefna sem hér hafa verið tilgreind.

Lokaorð

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir sig síðan reiðubúið til að eiga fund með fjárlaganefnd Alþingis, til að geta tekið umræðu og svarað nánar til um eftirfylgni þeirra mála sem hér hafa verið tekin til umfjöllunar.

Eins ítrekar Fjórðungssambandið það sem sagt er í upphafi þessa erindis, þá óánægju með breytta framsetningu á Fjármálaáætlun miðað við fyrri ár. Fjórðungssambandið setur því þann fyrirvara á framangreinda umsögn og áskilur sér rétt að taka mál upp að nýju, þegar fyrir liggur nánari útfærsla verkefna innan einstakra málavíða fjármálaáætlunar og önnur frumvörp fagráðherra sem tilgreind hafa verið í umfjöllunni og lögð fram eftir 28. apríl s.l..

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.